

GÆÐARAMMI LHÍ UM ERASMUS STARFSMANNASKIPTI

Samþykkt í framkvæmdaráði 6. mars 2019

INNGANGUR

Háskólakennarar geta sótt um styrki til að sinna gestakennslu hjá samstarfsháskóla eða starfsþjálfun í tvo til 60 daga. Starfsfólk háskóla getur sótt starfsþjálfun erlendis, s.s. með þátttöku á fagtengdum námskeiðum eða vinnustofum, starfskynningum (job shadowing), eða skipulögðum heimsóknum til samstarfsháskóla. Háskólar geta einnig boðið fulltrúum fyrirtækja í öðrum þátttökulöndum að sinna gestakennslu í sínum skóla.

TILGANGUR FERÐAR

Deildarforsetar eru hvattir til þess að vinna stefnumiðað með styrkina innan sinna deilda. Mikilvægt er að styrkirnir séu nýttir til þróunar náms/kennslu og til að efla samstarf við háskóla erlendis.

Deildarforsetar bera ábyrgð á að skapa vettvang fyrir starfsmenn til að miðla nýrri þekkingu og reynslu með markvissum hætti.

Umsókn um styrk til *starfsþjálfunar* (e. Staff mobility for training) verður að tengjast starfi viðkomandi hjá LHÍ og sýna fram á ávinning fyrir námsbraut/deild/svið.

Ekki er hægt að sækja ítrekað um styrk fyrir sama verkefninu.

Miðað er við að starfsmenn hljóti að hámarki tvo styrki á ári til *starfsþjálfunar* nema umsóknir þeirra séu framúrskarandi og þörf fyrir endurtekinni starfsþjálfun erlendis augljós.

ÁBYRGÐ

Faglegt mat og ábyrgð liggur hjá þeim aðila sem skrifar undir mobility agreement umsækjanda f.h. Listaháskólans (t.d. deildarforseti). Með undirskrift sinni samþykkir viðkomandi ferðina og staðfestir að hún feli í sér ávinning fyrir viðkomandi deild/svið.

ÚTHLUTUNARREGLUR

Gæðaskali Rannís sem notaður er við val umsókna

- Til fyrirmyndar
- Góð
- Ásættanleg
- Uppfyllir ekki gæðakröfur

Sjá nánar hér: <https://www.erasmusplus.is/menntun/verkefni-og-sjodir/nam-og-thjalfun-a-haskolastigi-kennarar-og-starfsfolk/hvernig-er-sott-um/>

Umsóknarfrestur er í maí ár hvert. Umsóknir sem eru sendar inn eftir umsóknarfrest eru teknar til greina ef svigrúm myndast til frekari úthlutana.

Umsóknir með einkunnina *góð* og yfir fá styrk. Umsóknir með einkunnina *ásættanleg* fara á biðlista og gefst styrkþega kostur á að skila inn nýju *Mobility agreement* og óska eftir endurmati. Umsóknir sem ekki standast gæðakröfur eru merktar *ógildar* og fá ekki styrk.

Við úthlutun styrkja skulu háskólar miða við að 70% fjármagns sé varið í styrki til akademískra starfsmanna. 30% fjármagns má verja í styrki til annarra starfsmanna með 10% sveigjanleika.

Starfsmenn sem ekki hafa sótt um styrk áður njóta forgangs ef umsókn þeirra er með einkunnina *góð* og yfir.

Ef ferð fellur niður skal láta alþjóðaskrifstofu vita. Styrkþegi getur ekki nýtt styrkinn fyrir annað verkefni.

SÉRSTAKAR REGLUR UM STYRKI TIL GESTA ÚR FAGUMHVERFI

Deildarforsetar/fagstjórar geta sótt um styrk fyrir gestakennara úr fagumhverfi.

Gestir mega ekki vera starfandi við háskóla. Styrkirnir eru einungis hugsaðir fyrir fólk af fagvettvangi sem ekki getur sótt um styrk í gegnum háskóla heima fyrir.

Við úthlutun styrkja til deilda er miðað við að hlutfall þessara styrkja sé ekki hærra en 30% af heildarúthlutun deildar með 10% sveigjanleika.

Ekki er hægt að veita styrk til sama aðila tvö ár í röð nema engin samkeppni sé um styrkina.

Ekki er veittur styrkur til aðila ef megintilgangur ferðar þeirra er annar en kennsla við LHÍ, sbr. sýning eða tónleikar.

SÉRSTAKAR REGLUR UM GESTI FRÁ SAMSTARFSSKÓLUM

Deildir/svið sjá um undirbúning starfsmannaskipta til skólans. Í því felst að skrifa undir samning (e. *Mobility agreement*) sem tilgreinir lengd og tilgang dvalar.

LHÍ tekur á móti starfsmönnum í þjálfun í að hámarki 2 daga nema um sé að ræða sérstakt verkefni (gildir ekki um kennslu).

Einungis er tekið á móti starfsmönnum í þjálfun frá samstarfsskólum. Ekki er hægt að verða við ósk um starfsþjálfun frá öðrum aðilum nema heimsóknin feli í sér sérstakan ávinning fyrir viðkomandi deild/svið og að áhugi á frekara samstarfi sé fyrir hendi.

FORGANGSRÖÐUN UMSÓKNA – STARFSMANNASKIPTI

Gildar umsóknir sem berast fyrir auglýstan umsóknarfrest hafa forgang. Umsókn telst ekki gild fyrr en öll fylgigögn hafa borist.

Allar umsóknir eru gæðametnar og forgangsraðað af GKR samkvæmt gæðaskala Rannís (sjá að ofan).

Ef velja þarf á milli umsækjenda sem uppfylla öll ofangreind atriði og hafa hlotið sömu einkunn í gæðamati skal deildarforseti forgangsraða umsóknum í sinni deild.